

# Stéttarfélagin í Suðurkjördæmi skora á verðandi þingmenn að hafa að leiðarljósi kjör og velferð hins vinnandi manns á komandi kjörtímabili

**Trúnaðarmenn og stjórnir verkalyðsfélaganna í Suðurkjördæmi hittust á Hótel Dyrhólaey dagana 4.-6. október og fóru yfir stöðu kjaramála ásamt málefnum sem brenna á launafólki í kjördæminu og byggðunum við suðurströndina. Eftirfarandi ályktun var samþykkt.**

## Heilbrigðismál

Aðgangur að heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn eru sjálfsögð mannréttindi. Barnshafandi konur þurfa í mörgum tilfellum að vera í burtu frá fjölskyldu sinni til lengri tíma. Þessu fylgir óryggi og fjárhagsleg óvissa sem ekki verður við unað. Geðheilbrigðisþjónusta er verulega ábótavant og það er forgangsverkefni að sálfræðiþjónusta verði inn í sjúkratryggingakerfinu. Landsbyggðarfolk fer um langan veg til þess að sækja sérfræðiþjónustu og læknaaðgerðir sem hefur í för með sér gríðarlegan kostnað.

Leiðréttum þennan aðstöðumun strax.

## Samgöngumál

Greiðar og öruggar samgöngur eru lífæðar hvers samfélags og undirstaða atvinnulífs og búsetu víða um land. Stórbæta þarf samgöngumál í kjördæminu. Mikil aukning ferðamann kallar á viðbrögð í samgöngumálum og hefur suðurkjördæmi þar sérstöðu vegna þessarar miklu aukningar í fjölda ferðamanna. Samgöngur falla stundum niður svo sólarhringum skiptir í hluta kjördæmisins með tilheyrandi óþægindum, tekjutapi og hættum bæði fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Þar sem sífellt er verið að færa þjónustu á höfuðborgarsvæðið verður að tryggja sólarhringsþjónustu í samgöngum hvort sem er á láði eða legi á kjörum sem almenningur ræður við.

## Húsnæðismál

Staðan á húsnæðismarkaði er algjörlega í molum. Ungu fólkið í landinu getur ekki keypt húsnæði og neyðist til þess að búa við okurleiguverð óryggi og vanlíðan því samhliða. Vextir á Íslandi hafa í gegnum tíðina verið okurvextir og fer mestur hluti launa fólks í húsnæði og jafnvel dugar ekki til. Forsendur verðtryggingar eru mjög umdeildar hjá almenningi og þarf að endurskoða og ná sátt um þau mál. Húsnæðiskostnaður ætti ekki að vera inn í vísitölunni eða hafa áhrif á hana. Margir hafa misst heimili sín og sér ekki fyrir endann á þrengingum þessa fólks. Að búa í mannsæmandi húsnæði hljóta að vera sjálfsögð mannréttindi. Húsnæðisfélög án hagnaðarsjónarmiða

er kostur sem stjórnvöld og sveitarfélög verða að taka höndum saman um að vinna að og skapa hér lífvænlegt samfélag handa öllum.

## Mennta- og atvinnumál

Á vinnumarkaðnum eru framundan einar mestu breytingar á atvinnuháttum sem við höfum séð í áratugi. Gervigreind, vélmenni og tækninýjungar munu leysa hluta hefðbundinna starfa af hólmi. Þessi þróun er þegar byrjuð. Víðast hvar í Evrópu er verið að breyta grunn- og iðnnámi, auka fullorðinsfræðslu og símenntun til að bregðast við þessu. Störf hverfa og önnur verða til sem krefjast mun meiri þekkingar á breiðari sviðum eins og tækniþekkingar og samskiptahæfni. Nú þegar þarf að hefjast handa að aðlaga skólakerfið að þessum breytingum, allt frá grunnnámi að fullorðinsfræðslu. Lykillinn að því er að efla nám þar sem fólkið býr víða um land. Iðnnám, tækninám og annað fjölbreytt nám þarf að vera til staðar til að aðlaga verkafólk að nýjum veruleika á vinnumarkaði.

## Lífeyris- og skattamál

Lífeyrissjóðir voru stofnaðir að frumkvæði verkalyðshreyfingarinnar fyrir um 50 árum síðan. Í dag eru lífeyrissjóðirnir helsta og stærsta stoð þeirra sem komnir eru á eftirlaun. Lífeyrissjóðirnir greiða milli 70-80% af öllum ellilífeyrir sem greiddur er til landsmanna. Ríkið greiðir 20-30% á móti. Launafólk verður að standa vörð um sjóðina og því hlutverki sem þeir eiga að gegna. Sífelldar hækkanir í beina og óbeina skatta aldraðra, öryrkja og hjá öðrum lágtekju hópum verður ekki við unað lengur. Það er skylda okkar að leiðrétta kjör þessara hópa þannig að lífvænlegt verði.

*Báran, stéttarfélag Selfossi  
Drifandi stéttarfélag Vestmannaeyjum  
Verkalyðsfélag Grindavíkur  
Verkalyðs og sjómannafélag Sandgerðis  
Verkalyðsfélag Suðurlands.*

